

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Frístundamiðstöðin MIÐBERG

Starfsáætlun 2014-2015



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit:

Inngangur	4
Yfirlit yfir starfsstaði Miðbergs.....	5
Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Stutt greinargerð framkvæðastjóra um starfið á síðasta ári	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	7
Lykiltölur Miðbergs	8
Stefnukort SFS 2012	9
<i>Barnið, nemandinn, ungmennið</i>	<i>10</i>
<i>Verklag.....</i>	<i>13</i>
<i>Mannauður.....</i>	<i>15</i>
<i>Auðlindir</i>	<i>16</i>

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósum sviðsins sem eru: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 25 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að betri félagsauð hjá íbúum hverfisins á öllum aldri.

Hjá Miðbergi starfa um 120 starfsmenn en af þeim eru 30 í fullu starfi.

Starfsstaðir Miðbergs eru Sjö frístundaheimili, þrjár félagsmiðstöðvar og frístundaklúbbur.

Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, reynslu og ólíkan bakgrunn. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg verkefnanna kalla á sérhæfingu og sérþekkingu.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska.

Miðberg styður við menningu og listsköpun barna og unglinga með smíðjum og viðburðum þar sem unnið er með leiklist, tónlist, hönnun og kvikmyndargerð.

Miðberg er virkt í ýmsum samstarfsverkefnum í hverfinu með áherslu á að styrkja félagsauðinn í hverfinu. Helstu samstarfsaðilarnir í hverfinu eru Þjónustumiðstöð hverfisins, skólar, leikskólar og íþróttar og félagasamtök í hverfinu.

Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2014-2015 er að auka þátttöku innflytjendabarna í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður aukið áhersla á lista og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hinsvegar.

Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum.

Breiðholtsverkefnið

Borgaryfirvöld ýttu úr vör tilraunarverkefni í Breiðholti í ársbyrjun 2012. Áætlað er að tilraunaverkefnið spanni þrjú ár. Verkefnið felur í sér metnaðarfull markmið sem lúta að því að þjónusta Reykjavíkurborgar í hverfinu verði heildstæðari, markvissari og samhæfðari, íbúum hverfisins til hagsbóta. Verkefninu er jafnframt ætlað að nýta auðlindir borgarinnar betur, s.s. húsnæði og starfsfólk.

Þverfaglegt samstarf hefur auk þess verið formgert með skipan framkvæmdarstjórnar Breiðholtsverkefnisins. Í framkvæmdarstjórn sitja fulltrúar stjórnenda starfsstaða á vegum borgarinnar í hverfinu og framkvæmdastjóri Miðbergs situr í framkvæmdastjórn hverfisins fyrir hönd Miðbergs.


Mikil hefð er fyrir samstarfi og samstarfsverkefnum í Breiðholti en með tilkomu Breiðholtsverkefnisins er áherslan á enn markvissara og betra samstarf sem Miðberg tekur þátt í af fullum þunga.

Starfsáætlun Miðbergs 2014-2015 eru unnin út frá stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014 og stefnu og starfsáætlun Breiðhóltsverkefnisins. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Frístundamiðstöðin vinnur nú í annað skipti starfsáætlun sem gildir fyrir skólaárið, en ekki almanaksárið eins og áður í samræmi við aðra starfsstaði skóla- og frístundasviðs. Þannig tekur starfsáætlunin gildi 1. september 2014 og gildir til 31. ágúst 2015.

Helstu áherslur í starfi frístundamiðstöðvarinnar 2014-2015 verður að fjölga börnum af erlendum uppruna í öllu starfi Miðbergs. Þátttaka þeirra verður kortlögð og þau kynnt fyrir starfinu sem er í boði í Miðbergi. Einnig verður annað félags og tómstundastarf í hverfinu kynnt fyrir þeim. Frístundamiðstöðin ætlar að efla foreldrasamstarf í bæði frístundaheimilum og félagsmiðstöð með betra upplýsingaflæði og fræðslukvöldum.

Í starfsáætluninni er gerð grein fyrir helstu verkefnum en markmið, nánari útfærslur, ábyrgð og tímaramma er að finna í vinnuskjölum.

Yfirlit yfir starfsstaði og starfsemi Miðbergs



Hlutverk Miðbergs

Hlutverk

Að stuðla að fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi meðal barna og unglunga í hverfinu.

Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.

Að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu í Breiðholti.

Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

1. Góður starfsandi- Gleði, væntumþykja og jákvæðni
2. Virðing- Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum
3. Samvinna- Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð
4. Mannréttindi- Jafnrétti og lýðræði
5. Faglegt starf- Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
6. Öryggi- Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga
7. Frumkvæði- Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Frítímastarf á vegum Miðbergs hefur gengið ágætlega á árinu. Safnfrístund fyrir 3-4 bekk fyrir börn í Seljaskóla og Ölduselsskóla var undirbúið á starfsárinu og mun starfsemi hefjast haustið 2014. Miðberg fékk styrk úr þróunarsjóð Skóla og frístundasviðs fyrir verkefninu *Þetta þarf að vera kennt – Þetta er ekki sjálflært*. námsefnið fjallaði um frítímann og mikilvægi þess að nota hann á uppbyggilegan hátt. Verkefnið var unnið í samstarfi við Íþróttta-, tómstunda og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands.

Miðberg var í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur með vegglistanámskeið og vinnuhóp sem vann að því í sumar að myndskreyta undirgöng og fleira í sumar.

Í barnastarfi voru meðal annars unnin þemaverkefni upp úr barnasáttmálanum og Breiðholt got talent var haldið fyrir frístundaheimilinn í Breiðholti.

Vel hefur tekist að manna stöður að hausti í frístundaheimilum og voru biðlistar í sögulegu lágmarki. Lítil starfsmannavelta var hjá stjórnendum Miðbergs og okkur tókst vel að halda í hlutastarfsfólk á milli ára.

Samastarf við aðrar stofnanir SFS í Breiðholti hefur verið aukið og eru fjölmörg verkefni komin í gang og önnur í farvatninu.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Staða barna/unglinga í hverfinu

Í Breiðholti eru starfræktir fimm grunnskólar, þrjár félagsmiðstöðvar og sjö frístundaheimili. Samsetning íbúa í hverfinu er mjög fjölbreytt varðandi uppruna og efnahag. Viðhorfskannanir frístundaheimilina sýna mikla ánægju með starfsfólk og starfsemi en ákveðin óánægja er með húsnæðismál í Hraunheimum, Vínahaimum og Bakkaseli. Okkar vonir standa til þess að með safnfrístund fyrir þriðja og fjórða bekk í Seljahverfi muni húsnæði Vínahaima ráða betur við þann fjölda barna sem sækir stafið. Í Hraun heimum hefur lóð heimilisins verið endurnýjuð en aðstaða Bakkasels er óbreytt. Í áætlunum um stækkun Breiðholtsskóla er gert ráð fyrir mun betri aðstöðu fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð. Á undanförunum árum hefur sérstaklega verið fylgst með líðan og högum barna og unglunga í kjölfar efnahagsþrenginga. Ástandið í hverfinu hefur almennt verið svipað og fyrir efnahagsþrengingar hvað varðar tilkynningar til barnaverndar og áhættuhegðun unglunga.

Kannanir Rannsókn og greiningar sem gerðar eru meðal unglunga á aldrinum 10 – 16 ára sýna að líðan unglunga hefur lítið breyst en áhættuhegðun unglunga á aldrinum 13 – 16 hefur minnkað umtalsvert á síðasta áratug. Það er þó almenn skoðun starfsfólks í Miðbergi að sá hópur unglunga sem sýnir af sér áhættuhegðun eigi við stærri og fjölbreyttari vanda að stríða en við höfum áður vanist. Forvarnarstarf og snemmtæk íhlutun hefur dregist saman á undanförunum árum og ákveðið úrræðaleyfi blasir við þeim unglungum sem þurfa á aðstoð að halda. Frístundamiðstöðin Miðberg hefur þó verið í samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts og Barnavernd vegna alvarlegustu málana.

Matsáætlun (fyrir tímabilið 2014-2015)

Á tímabilinu 2014-2015 verða gerðar eftirfarandi kannanir til að meta framgang starfsins í Miðbergi.


- Foreldrakönnun lögð fyrir miðlægt fyrir alla starfsstaði Miðbergs.
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.
- Viðhorfskönnun starfsmanna Miðbergs
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.
- Hafin verði vinna á að innleiða Innra mat á starfsemi Miðbergs
- Rannsókn og greining
 - Unnin umbótaráætlun út frá niðurstöðum könnunarinnar.

Lykiltölur Miðbergs

	Raun 2011	Raun 2012	Raun 2013	Áætlun 2014
Starfsmannamál				
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	115	120	60	70
Fjöldi stöðugilda (1.okt)			51	59
Fjöldi starfsmanna (1.okt)	115	120	60	70
Karlar			26	32
Konur			34	38
Útivist / Hverfastarf???				
Skráð aðsókn ...				
Frístundastarf fatlaðra barna og unglinga				
Fjöldi barna í frístundastarfinu haust (1. okt.)				
Fjöldi skráninga í sumarstarf		14	x	x
- Stelpur		8	x	x
- Strákar		6	x	x
Frístundaheimili 6-9 ára			x	x
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)		404	370	507
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)			51	
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára		450	468	825
- Stelpur			228	321
- Strákar			240	504
Frístundaklúbbar 10-16 ára (börn með fötlun)				
Frístundaklúbbar fatlaðra 10-16 ára (1. okt)		13	14	14
Fjöldi skráninga í sumarstarf			11	14
- Stelpur			6	7
- Strákar			5	7
Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára				
Heildarþátttaka yfir árið	810	1287	1157	1100
- Stelpur	462	708	654	600
- Strákar	348	579	503	500
- Þar af yfir sumarið	675	782	853	800
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára				
Heimsóknir unglinga í félagsmiðstöðvar	2271	4625	4702	4500
- Stelpur	1025	2177	2298	2150
- Strákar	1246	2448	2404	2350
Þar af í sumaropnun		468	597	650
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í	12	12	13	14

Reykjavíkurráði)				
- Stelpur	6	7	7	7
- Strákar	6	5	6	7
Fjöldi unglinga í félagsmiðstöðvarhópum og Vinnuskóla.	79	63	61	62

Stefnukort SFS 2012



Barnið, nemandinn, ungmennið

Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni
Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra
Aukið sjálfstæði, frumkvæði, metnaður og ábyrgð

Verkefni: Vinsamlegra samfélag. Miðberg tekur þátt í samstarfi stofnana SFS í Breiðholti

Tímaáætlun: Allt árið

Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri

Verkefni: Frístund í nýju landi. Markvisst unnið að því að fjölga börnum af erlendum uppruna í starfsemi Miðberg, íþrótt og tómstundastarfs í Breiðholti.

Tímaáætlun: 2014- 2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar

Verkefni: Miðberg býður öllum skólum til samstarfs í lífsleikni og frítímafræðslu í unglingadeildum.

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Verkefni: Miðberg í samstarfi við fagaðila í Breiðholti kortleggi hvaða börn og unglingar glími við félagslega einangrun og leiti leiða til að efla sjálfsmynd þeirra og félagsfærni og hafi frumkvæði að samstarfi fagaðila og félagasamtaka vegna þeirra.

Tímaáætlun: 2014- 2015

Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri

Verkefni: Miðberg styður börn og í að koma sér sjálf milli staða innan hverfis.

Tímaáætlun: Vor 2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

Verkefni: Föst viðvera starfsmanna unglingastarfs í skólum á skólatíma

Tímaáætlun: Hausti 2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Verkefni: Starfrækt ungmennastarf fyrir 16-25 ára í Breiðholti

Tímaáætlun: 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

Heilbrigður lífsstíll

Öruggt umhverfi þar sem unnið er markvist gegn áhættu hegðun

Komið á móts við ólík áhugasvið

Verkefni: Þematengd verkefni þar sem unnið er með heilsu mataræði og hreyfingu barna.

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

Verkefni: Sértekt hópastarf í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar unglingastarfs

Víðtæk þekking, færni og árangur

Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu og færni og árangur

Læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða

Færni í tölvu- og upplýsingatækni

Tækifæri til að vinna að nýsköpun

Aukin þekking og færni í raunvísindum

Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar

Aukin umhverfis-vitund og menntun til sjálfbærni

Verkefni: Kvikmyndasmiðjur fyrir börn og unglinga 1-10. Bekk

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar barna- og unglingastarfs

Verkefni: Leiklistarsmiðjur fyrir börn og unglinga í 1-10 bekk.

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar barna – og unglingastarfs

Verkefni: Kynna og innleiða Menningarfánann í frístundaheimilum í Breiðholti.

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

Verkefni: Allir starfstaðir Miðbergs taki þátt í Grænum skrefum

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar barna – og unglingastarfs

Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni

Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum

Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka

Verkefni: Barnaráð í 3-4 bekk í frístundaheimilum

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

Nám og starf án aðgreiningar við hæfi hvers og eins

Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum.

Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.

Stuðningur og ráðgjöf tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.

Verkefni: Stuðningur við börn og unglinga til þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts

Tímaáætlun: Veturinn 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Verkefni: Stuðningur við börn og unglinga í Hellinum til þátttöku í félagsmiðstöðvarstarfi

Tímaáætlun: Veturinn 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Samstarf byggt á lýðsræði og fjölbreytni

Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.

Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.

Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.

Öflugt samstarf við nærsamfélagið, atvinnulífið og háskólasamfélagið

Verkefni: Móta foreldrastarf á unglingasviði.

Tímaáætlun: Veturinn 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Verkefni: Foreldrafacebook

Tímaáætlun: Veturinn 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Verkefni: Foreldrafélög í frístundaheimilunum

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarfs

Verkefni: Aðgengi íbúa félagasamtaka að húsnæði Miðbergs til samfélagsstarfs.

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður

Flæði á milli skólastiga, námsgreina, skóla og frístundastarfs

Starfsstaðir þróa aðferðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi.

Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu.

Verkefni: Safnfrístund í Hólmaseli

Tímaáætlun: Hausti 2014

Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri

Verkefni: Heimsóknir og kynningar fyrir elstu börn leikskóla á frístundaheimilinn.

Tímaáætlun: Vor 2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri Barnastarfs

Verkefni: Heimsóknir og kynningar 4. bekkja úr frístundaheimilum í starf Tíu-12 í félagsmiðstöðvunum

Tímaáætlun: Vetur 2014 -2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri unglingastarfs

Umbætur, mat og nýbreytni

Innleiðing nýrra aðalnámskráa.

Ytra mat fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs sem nýtt er til umbóta.

Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis-, mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.
Stuðningur við starfsstaði í breytingaferli.
Tilrauna-, þróunar- og umbótarstarf byggji á rannsóknum og árangurinn metinn.
Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.
Ábyrg skjalastjórnun og stjórnsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.

Mannauður

Fagleg forysta

Framsækin stjórnun þar sem stefna hlutverk og markmið eru skýr.
Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.
Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.

Verkefni: Náms og kynnisferð fyrir stjórnendur Miðbergs

Tímaáætlun: Hausti 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar barna- og unglingastarfs

Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi

Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika.
Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal og það markvisst nýtt.
Jafnræðis er gætt í launum og kjörum starfsmanna í sambærilegum stöfum.
Ráðningaferli byggist á faglegum forsendum mannauðsstjórnunar.
Heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi.

Verkefni: Gera verkferil um móttöku nýrra starfsmanna og innleiða.

Tímaáætlun: 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður

Verkefni: Uppfæra starfsmannahandbækur

Tímaáætlun: 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjórar barna og unglingastarfs ásamt verkefnisstjórum

Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs

Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi.

Starfsmenn geta beitt matsaðferðum og nýtt sér leiðir til umbóta.

Störf innan skóla- og frístundasviðs eru vel kynnt fyrir fólki sem er að velja sér náms- og starfsvettvang.

Lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi

Markvist samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og milli starfsstaða

Verkefni: Kynna börnunum í 4. bekk fyrir verkefninu Heilahristing í samstarfi við Borgarbókasafn og Rauða Krossinn

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Deildarstjóri barnastarf.

Auðlindir

Hagkvæm nýting fjármagns

Útgjöld allra stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.

Stöðug rýning tækifæra til endurskipulagningar.

Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf.

Samræma úthlutunarreglur.

Raunkostnaður við þjónustuþætti verði aðgengilegur.

Verkefni: Rekstrarhandbók Miðbergs fyrir verkefnastjóra

Tímaáætlun: 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Rekstrarstjóri

Verkefni: Eignaskráning

Tímaáætlun: 2015

Ábyrgðarmaður: Rekstrarstjóri

Skilvirk upplýsingatækni

Virk stefna í upplýsinga- og samskiptatækni.

Góður aðbúnaður

Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.

Aukin samnýting á húsnæði og búnaði.

Verkefni: Að allir starfstaðir Miðbergs standist rymisþarfir og séu í viðunandi ásigkomulagi.

Tímaáætlun: Vetur 2014-2015

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður og rekstrarstjóri